



# GÖNGUM GEGN EINELTI

## Dagskrá 6. nóvember 2015 í hverfum Kópavogsbæjar í tilefni af baráttudegi gegn einelti

Hverfi	Aðilar	Dagskrá
Miðbærinn	Kjarninn, Kópavogsskóli, Skólatröð, Kópahvoll, Gjábakki.	<b>Gangan hefst kl. 9:30 frá Kópavogsskóla.</b> Börn úr leik- og grunnskóla hverfisins safnast saman á lóð Kópavogsskóla og ganga fylktu liði í <b>Hlíðargarð</b> þar sem dagskrá hefst <b>kl. 10:00</b> . Í Hlíðargarði koma jafnfram börn úr Smárahverfi og þar verður sungið og dansað undir stjórn unglinga frá félagsmiðstöðvunum Kjarnanum og Þebu.
Smárahverfi	Þeba, Smáraskóli, Lækur, Arnarsmári.	Hópar nemenda í Smáraskóla sækja börn í leikskólana Læk og Arnarsmára og fylgja þeim í Smáraskóla. Þaðan er lagt af stað í <b>Hlíðargarð</b> þar sem dagskrá hefst <b>kl. 10:00</b> . Í Hlíðargarði koma jafnfram börn úr miðbæ og þar verður sungið og dansað undir stjórn unglinga frá félagsmiðstöðvunum Þebu og Kjarnanum.
Álfhólfsskólahverfi	Pegasus, Álfhólfsskóli, Álfheiði, Efstihjalli, Fagrabrekka.	Vinabekkir í Álfhólsskóla hittast kl. 9:00 og útbúa vinabönd saman. <b>KL. 9:50</b> leggja nemendur af stað og sækja börnin í leikskólana og ganga með þeim að <b>Íþróttúsinu Digranesi</b> þar sem dagskrá <b>hefst kl. 10:00</b> með söng og gleði.
Lindahverfi	Jemen, Lindaskóli, Dalur, Núpur.	<b>Gangan hefst kl. 9:00 frá Lindaskóla.</b> Nemendur Lindaskóla hefja gönguna og sækja leikskólabörn í sína skóla. Fyrst liggur leiðin í leikskólann Dal þar sem unglingar para sig við börnin og leiða þau í göngunni, þá er haldið í leikskólann Núp (kl.9.25) og sama fyrirkomulag þar. Endað á skólalóð Lindaskóla þar sem allir taka þátt í „vinsprelli“. Að lokum er sama leið gengin aftur og leikskólabörnum skilað í sína skóla.
Kórahverfi	Kúlan, Hörðuvallaskóli, Baugur, Kór, Austurkór.	Elstu börn í leikskólum hverfisins koma í heimsókn í 1. bekk í Hörðuvallaskóla kl. 8:30 jafnfram hittast vinabekkir innan skólans og vinna saman. Teiknað verður á spjöld, vinnabönd gerð, leikið, spilað og borðað nesti saman. <b>Gangan hefst kl. 9:30 frá Hörðuvallaskóla</b> og gengið eftir Baugakór og í Kórin þar sem dagskrá með leik og dansi hefst <b>kl.10:00</b> og stendur til 11:00.
Vatnsendahverfi	Dimma, Vatnsendaskóli, Aðalþing, Sólhvörf.	<b>Gangan hefst kl. 10:00 frá Vatnsendaskóla</b> með nemendum frá Sólhvörfum og Vatnsendaskóla og gengið að útsýnisskífunni við Fellahvarf þar sem nemendur frá Aðalþingi bætast í hópinn. Gengnir eru hringir í hverfinu og endað við Vatnsendaskóla.
Kársneshverfi	Ekkó, Kársnesskóli, Urðarhóll, Kópasteinn, Undraland, Marbakki.	Gengið frá öllum skólum og hist á <b>Rúttúni kl. 10:30</b> þar verður dagskrá með söng. Nemendur í 9. og 10. bekk fara og sækja börnin á leikskólana. Gengið verður með spjöld og borða sem félagsmiðstöðin Ekko sér um að útbúa. Börn útbúa jákvæðar kveðjur til íbúa hverfisins og ganga um og hengja á hurðarhúna fyrir og eftir göngu.
Snælandshverfi	Igló, Snælandsskóli, Furugrund, Grænatún, Álfatún.	<b>Gangan hefst kl. 9:50 við Snælandsskóla</b> og gengið er saman í Fossvogsdalnum þar sem leikskólabörn bætast í hópinn. Eftir gönguna verður farið í sal Snælandsskóla (kl. 10:40) þar sem sungnir verða söngvar, leynigestur kemur í heimsókn og stuttmynd eftir nemendum um einelti verður sýnd.
Salahverfi	Fönix, Salaskóli, Rjúpnahæð, Fífusalir.	Nemendur úr 9. og 10. bekk í Salaskóla heimsækja Rjúpnahæð og Fífusali þar sem þau taka þátt í samverustund og vinna með hugtakið samskipti út frá spurningunni: Hvað er einelti? Nemendur í 8. bekk í Salaskóla taka þátt í „Taktu afstöðu“ verkefninu og yngri nemendur í skólans vinna verkefni tengd góðum og jákvæðum samskiptum.

